

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hellu

Hvanneyri, 17. nóvember 2025
202510-0055/S.Þ.
08.01

Efni: Umsögn - Aðalskipulagsbreyting – Auglýsing tillögu - Galtalækjarnáma - Merkurnáma - 0817/2025 Rangárþing ytra.

Vísað er til erindis Rangárþings ytra er barst þann 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um greinargerð með auglýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra, Galtalækjarnáma - Merkurnáma - 0817/2025.

Í greinargerð kemur fram að landeigendur Galtalækjar 2 hafa óskað eftir aukinni heimild til efnistöku úr Merkurnámu E57. Fyrirhugað er að stækka núverandi efnistökusvæði E57 í Merkurhrauni úr 2 ha í allt að 14 ha og auka heildar efnistökumagn upp í allt að 450.000 m³.

Hraun – sandorpið hraun

Skipulagssvæðið er innan víðfeðms hraunasvæðis, Merkurhraun, og því bendir Náttúruverndarstofnun á ákvæði 61. gr. um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem m.a. kemur fram að eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóti sérstakrar verndar.

Þrátt fyrir framangreint er eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Því minnir Náttúruverndarstofnun á mikilvægi þess að við valkostagreiningu skipulagsáætlana séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Virkt landgræðslusvæði – neikvæð áhrif á náttúrufar

Samkvæmt vefsja Náttúrufræðistofnunar er umrætt skipulagssvæði innan virks landgræðslusvæðis¹. Náttúruverndarstofnun telur það skjóta skökku við að þó efnistökusvæðið sem hér um ræðir sé einungis lítill hluti þess þá er engu að síður um að

¹ <https://www.vefsja.is/?z=13.55&lat=64.02815573&lng=-19.86070704>

ræða tæpa 14 ha lands sem fyrirhugað er að taka frá til efnistöku með umhverfisáhrifum sem metin eru neikvæð í greinargerð með skipulagstillögunni.

Nálægð við mikilvægt fuglasvæði – neikvæð áhrif á náttúrufar

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er nærri mikilvægu fuglasvæði á Suðurlandi samkvæmt vefsja Náttúrufræðistofnunar². Í greinargerðinni er nefnt að „fuglalíf getur orðið fyrir áhrifum vegna eyðingar búsvæði og minnkaðs fæðuframboðs“.

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að fjallað sé um mikilvægi fuglalífs í greinargerð með umræddri skipulagstillögu og fram komi hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæða og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla og svæðum sem liggja nærri þeim.

Landslag, ásýnd, frágangur efnistökusvæða

Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að landmótun/endurgerð og frágangi á meðan efnisvinnsla er í gangi og þegar vinnslutíma líkur.

Náttúruverndarstofnun bendir á að með landmótun er hér átt við frágang námusvæða sem felur í sér mótun raskaðra svæða á þann hátt að þau falli sem best að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Markmið landmótunar og viðeigandi uppgræðslu er að sýnileg ummerki efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi algerlega með tímanum þar sem vel tekst til.

Náttúruverndarstofnun bendir á að með endurgerð jarðmyndunar eða endurgerð lands þá felur það í sér að land er mótað að nýju þar sem jarðmyndun hefur verið skert eða fjarlægð við efnistöku. Markmið landmótunar af þessu tagi er að fella efnistökusvæðið að nánasta umhverfi á þann hátt að það teljist eðlilegur hluti þess. Sá gróður sem fyrir var er látinn aðlagast eftir föngum að nýjum aðstæðum og við uppgræðslu verði notaður staðargróður.

Vatnshlot og vatnsvernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagsvæðið er nærri svæði sem er skilgreint sem grannsvæði vatnsverndar í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Náttúruverndarstofnun telur því brýnt að fjallað sé um möguleg áhrif efnistökusvæðisins á vatnsverndarsvæðið og það vatnshlot sem tilheyrir því

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri

Þórdís Vilhelmina Bragadóttir

sérfræðingur

² <https://www.vefsja.is/?z=11.41&lat=64.04808453&lng=-19.85708728>